



## 7. fundur stjórnar Aftureldingar 6. október 2010

### Fundur settur kl. 17:15

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson. Sævar Kristinsson boðaði forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

### Dagskrá:

- 1) Uppskeruhátíð, veiting verðlauna
- 2) Afreksráð Aftureldingar – afrekshópur
- 3) Siðareglur Aftureldingar
- 4) Jafnréttisstefna Aftureldingar
- 5) Upplýsingavefur Aftureldingar
- 6) Kvöldvökur
- 7) Samningar við Íslandsbanka og Mosfellsbæ
- 8) Öryggismál
- 9) Dagskrá formannafundar 13. október
- 10) Önnur mál

### 1) Uppskeruhátíð, veiting verðlauna.

Enn vantar tilnefningar frá einhverjum deildum svo aðalstjórn gat ekki lokið við sína vinnu varðandi verðlaunaveitingar á uppskeruhátíð. Formaður og framkvæmdastjóri ganga í að fá þær tilnefningar sem vantar og stjórnin fundar að nýju á sunnudag kl 17.

### 2) Afreksráð Aftureldingar – afrekshópur.

Jón formaður hefur óskað eftir fundi með Höllu Heimisdóttur til að fara yfir tillögur afreksráðs um framhald starfsins með afrekshóp Aftureldingar. Aðalstjórn hefur þegar tilnefnt Ásmund Pálsson sem sinn fulltrúa í afreksráði. Óskað verður eftir tilnefningum í nýtt afreksráð á formannafundi í næstu viku.

### 3) Siðareglur Aftureldingar.

Engar athugasemdir hafa borist frá deildum. Farið yfir drögin sem lögð voru fram á formannafundi í september. Stjórn sammála um að lagfæra einstök atriði í texta. Anna Sigríður gerir lagfæringar í samræmi við umræður á fundinum og sendir stjórn til yfirlstrar. Áætlað að leggja siðareglurnar fram á formannafundi 13. október til endanlegrar samþykktar.

#### **4) Jafnréttisstefna Aftureldingar.**

Aðalstjórn ákvað á fundi sínum 21. september síðastliðinn að setja félaginu jafnréttisstefnu. Ákveðið að mynda hóp sem vinna skal drög að jafnréttisstefnu og tilnefni aðalstjórn Önnu Sigríði í þann hóp sem fulltrúa aðalstjórnar. Á formannafundi 13. október verður óskað eftir tilnefningum 2-3 fulltúa í þann hóp.

#### **5) Upplýsingavefur Aftureldingar.**

Samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar 8. september hefur verið myndaður vefhópur sem hefur það verkefni að endurskipuleggja vefinn og finna vefumsjónarkerfi sem hentar félaginu. Hópurinn, Anna Sigríður, Brynjar framkvæmdastjóri og Friðrik Gunnarsson, hefur verið í samstarfi um þarfagreiningu við Hilmar Tómas hjá raduneytid.is en hann starfar í körfuknattleiksdeild félagsins. Stjórn hefur fengið send drög að spurningalista vegna þarfagreiningarinnar og stjórnarmenn munu koma athugasemdum sínum til ASG. Spurningalistinn og þarfagreiningin verða kynnt á formannafundi í næstu viku.

#### **6) Kvöldvökur 2010-2011.**

Á afmælisárinu voru haldnar kvöldvökur yfir vetrarmánuðina og þóttu þær heppnast ákaflega vel. Rætt var hvort stjórnin ætti að leggja til framhald á því verkefni í vetur og voru stjórnarmenn sammála um að gera það. Verður tekið upp á formannafundi og fyrirkomulag ákveðið.

#### **7) Samningar við Íslandsbanka og Mosfellsbæ.**

Samningar við ISB og Mosfellsbæ um skuldaskil og samstarf félagsins og bankans eru í höfn og munu þeir verða undirritaðir á uppskeruhátíðinni 16. október. Við sama tækifæri fer fram formleg undirritun samninga við Errea.

#### **8) Öryggismál.**

Rætt um öryggismál í íþróttahúsi og þjófnaði á íþróttasvæðinu. Ákveðið að ræða útfærslu öryggismála við bæjaryfirvöld. Umræða varð um hvaða viðbrögð ætti að viðhafa ef þjófnaður eða skemmdarverk væri unnið á eignum deilda eða iðkenda Aftureldingar. Stjórnin var sammála um að rétt væri að tilkynna slík afbrot til lögreglu og réttur farvegur fyrir slík mál væri að tilkynna þau til framkvæmdastjóra félagsins sem síðan kærir þau til lögreglu.

#### **9) Dagskrá formannafundar 13. október.**

Samskiptaleiðir Aftureldingar við Mosfellsbæ.

Fundargerðir deilda

Síðareglur Aftureldingar

Öryggismál

Upplýsingavefur

Afreksráð

#### **9) Önnur mál.**

Engin

Næsti fundur stjórnar verður haldinn sunnudag 10. október kl 17.

Fundi slitið kl. 19:15

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**